

Frjómælingar á Akureyri og í Garðabæ í júní 2021


Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 7. júlí 2021

Akureyri. Júní var fremur kaldur, sérstaklega um miðjan mánuðinn, samkvæmt Veðurstofu Íslands. Þrátt fyrir það var heildarfrjöldi frjókorna sá mesti frá árinu 2005 eða 1322 frjó/m³ en meðalfjöldi frjókorna í júní árin 1998–2020 er 695 frjó/m³. Frjókorn voru samfelld í lofti allan mánuðinn.

Flest frjókornanna voru birkifrjó eða 813 frjó/m³ og fóru þau hæst í 243 frjó/m³ föstudaginn 4. júní. Meðalfjöldi birkifrjóa í júní er 339 frjó/m³. Frjótíma birkis er nú lokið. Þrátt fyrir að birkifrjó hafi verið óvenju fá í maí þá náðu þau sér á strik í júní og er heildarfrjótala birkis þetta árið á meðal fimm hæstu frá upphafi mælinga.

Grasfrjó fóru ekki að mælast í neinu magni fyrr en síðustu vikuna í júní. Heildarfrjöldi þeirra var 152 frjó/m³ sem er aðeins yfir meðaltali sem er 102 frjó/m³. Búast má við hærri frjótölum í sumar en aðalfrjótími grasa er í júlí og ágúst.

Aðrar frjógerðir sem mældust að einhverju ráði á Akureyri í júní voru furufrjó (180 frjó/m³) og víðifrjó (52 frjó/m³). Alls greindust 19 frjógerðir.



Myndritið sýnir birki- gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í júní á Akureyri. Frjótala birkis fór mest í 243 frjó/m³ þann 4. júní. Grasfrjó fóru hæst í 54 frjó/m³ í lok mánaðarins en lítið mældist af súrufrjóum. **Frjótala** er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.



Garðabær. Júnímánuður var sá kaldasti á höfuðborgarsvæðinu síðan 1997 samkvæmt Veðurstofu Íslands og sólskinsstundir voru auk þess færri en oft áður. Heildarfrjöldi frjókorna í mánuðinum var 415 frjó/m³ og hafa frjókorn aðeins einu sinni áður mælst svo fá í Garðabæ en það var árið 2018. Meðaltal síðustu 10 ára fyrir júnímánuð er 1282 frjó/m³. Frjókorn voru þó samfellt í lofti allan mánuðinn, flest þann 23. júní.

Mest mældist af grasfrjóum eða 150 frjó/m³ sem er töluvert undir meðaltalinu (315 frjó/m³). Hæst fóru þau í 24 frjó/m³ þann 20. júní.


Líkt og í maí mældust mjög fá birkifrjó eða 94 frjó/m³ en meðaltalið í júní er 506 frjó/m³. Þau fóru hæst í 19 frjó/m³ þann 9. júní. Frjótíma birkis er nú lokið og hafa ekki mælst jafn fá birkifrjó á höfuðborgarsvæðinu í 25 ár.

Ein frjógerð til viðbótar mældist í Garðabæ í einhverju magni. Þar var um að ræða furufrjó og var heildarfrjótala þeirra 106 frjó/m³. Hæst fór frjótalan í 30 frjó/m³ þann 23. júní og voru furufrjóin uppistaðan í hæstu frjótölu mánaðarins sem var 47 frjó/m³ þennan dag.

Súrufrjó mældust 12 frjó/m³ en meðaltalið er 25 frjó/m³.

Alls greindust 15 frjógerðir í júní, flestar um eða undir 5 frjó/m³.

Líkt og á Akureyri má búast við að grasfrjó mælist hærri í júlí og ágúst ef veðurskilyrði eru hagstæð.



Myndritið sýnir birki- gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í júní í Garðabæ. Grasfrjó fóru hæst í mánuðinum í 24 frjó/m³ þann 20. júní. Lítið var um súrufrjó og birkifrjó mældust lítið eftir 18. júní. **Frjótala** er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.

Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.

Reykjavík, 7. júlí 2021

Ellý Guðjohnsen

Netfang elly@ni.is

www.ni.is

